

Góðir áheyrendur:

Við Kvennalistakonur erum hingað komnar tilað kynna málstað okkar, hitta konur, fá að heyra hvað ykkur er efst í huga og til að kanna hvort ekki sé mögulegt að sameina íslenskar konur um bau hagsmunamál sem snerta konur sérstaklega. Við ætlum að leggja land undir fót, fara frá borpi til kaupstaðar, kíkja inn á vinnustaði, heilsa á bæjum, halda fundi og líta landið í vorskrúða.

Sennilega fer fiðringur um margan stjórnmálamanninn sem hingað til hefur talið sig tryggan í sessi í sínu kjördæmi þegar kvennarútan birtist á hæðarbrún skreytt fánum og borðum og hressar konur stökkva út þegar rennt er í hlað. Nú, nú, á nú að leggja undir sig landsbyggðina líka, hugsar hann kannski þungur á brún, vitandi um bann kraft sem býr í konum þessa lands. Já, landið og miðin svörum við, því svo sannarlega finnst okkur ástæða til að konur um allt land láti í sér heyra. Við leggjumst í ferðalög til að konur geti hitt konur, svo að við getum miðlað af reynslu hver annarar. Við getum sagt frá því hvernig við fórum að, hvað við höfum gert frá því að Kvennalistinn leit dagsins ljós og hvað við ætlum okkur. Þið greinið okkur vonandi frá því sem bærisk með konum ykkar héraðs. Það er ekki okkar hlutverk að stofna útibú, það verða þær konur að gera sem hafa áhuga og aðstæður, frumkvæðið verður að koma frá hverri og einni, hún verður að hlusta á hina innri rödd: hori ég, vil ég, get ég? Og svara hver á sinn hátt.

Við sem eyðum flestum okkar frístundum í bágu kvenfrelsisbaráttunnar erum stundum spurðar að því hvort við séum ekki orðnar leiðar á þessu kvennakjafstæði? Þau orð voru jafnvel látin falla á alþingi í vor að þessi sífellda umræða um kvennamál væri málstaðnum síst til framdráttar og virtist sá ágæti þingmaður halda að þögnin væri skæðasta vopn kvennabaráttunnar þó að það gildi auðvitað ekki um baráttu hans flokks. Það er nefnilega búið að gera rúmrusk í mörgu svefnherberginu og það er æðsti draumur margra þeirra sem vöknðu upp með andfælum að fá að sofa í friði, ráða ^{af fram} svefntímanum, rúmstærðinni, sænginni, koddanum og því hvenær klukkan kallar. Það veit hamingjan að við vildum gjarnan geta varið tíma okkar í fleira en kvennabaráttu, en á meðan íslenskt þjóðfélag er mótað og stjórnað af körlum, meðan konur hafa næstum helmigni lægri laun að meðaltali en karlar, meðan hörnum er nánast vísað út á guð og gaddinn, meðan stjóriðjudraumar virðast það eina sem fólki framtíðarinnar er boðið upp á, meðan

vígbúnaður hleðst upp allt í kringum okkur í sveltandi heimi. Já meðan svo er statt verða konur að sameinast og láta til sín taka, bæði til að rétta sinn hag og til að leggja sínllóð á vogaskálar veraldarinnar sem gætu svo auðveldlega sporðreistst með þeim afleiðingum að aldrei næðist jafnvægi aftur. Það er ákveðin lífsskoðun að helga sig kvennabaráttu og við sem höfum sameinast í Kvennalistanum teljum okkur skylt að láta til okkar taka. Við eigum okkur drauma um betri og réttlátari heim, þar sem annað gildismat ríkir en það sem við sjáum alls staðar í kringum okkur og birtist í sóun, rányrkju, stundargróða og vopnaskaki. Við viljum heim þar sem kynin tvö eru bæði metin að verðleikum hvort á sinn hátt, heim þar sem börn eru velkomin og framtíðin er trygg.

Kvennalistinn er rúmlega árs gamall og er því rétt að slíta fyrstu barnsskónum. Meðgangurinn var með nokkuð óvenjulegum hætti eins og reyndar barnið sjálf, því hvergi í víðri veröld eru starfandi svipuð samtök kvenna, svo okkur sé kunnugt. Fæðingin var snögg og með fyrirgangi, frumburðurinn lét hressilega í sér heyra strax á fyrstu dögum og hefur dafnað vel að mati ættingja og vina.

Arfurinn sem Kvennalistinn byggir á er auðvitað aldagamall, sú reynsla og menning kvenna sem borist hefur frá móður til dóttur öld eftir öld. Við sem hér stöndum erum ný bára á heirri kvenfrelsis- hylgju sem reis upp um 1970 og hefur leikið hér um strendur æ síðan. Konur gripu til ýmissa ráða til að vekja athygli á misrétti sem bær voru beittar og bær kröfðust jafnréttis á öllum sviðum þjóðlífsins. Árangurinn varð sá að mikil umræða skapaðist, umbætur náðust fram í einstaka málum, karlar fóru að sinna heimilisstörfum og barnauppeldi í ríkara mæli en áður, konur hafa í síauknum mæli aflað sér menntunar, en það bteyrtir ekki heirri staðreynd að enn eigum við langt í land. Allar valdastofnanir þjóðfélagsins eru í höndum karla, störf kvenna eru mun lægra metin til launa en störf karla. Þrátt fyrir gífurlega atvinnubátttöku kvenna utan heimilis og breytta þjóðfélagshætti er þörfum barna ekki sinnt sem skyldi, fjölskyldan sem á hátíðarstundum er sögð hornsteinn þjóðfélagsins er orðin hornreka, þarfir vinnu- markaðarins eru settar ofar þörfum fólksins sjálfs.

Þar kom að hópar kvenna í Reykjavík og á Akureyri ákváðu að grípa til gamalla kvennaráða sem reyndust vel fyrr á öldinni, ganga fram fyrir skjöldu og gerast þátttakendur þar sem ráðum er ráðið og ákvarðanir teknar. Þessum konum var orðið ljóst að það dugði ekki



KVENNALISTINN Í REYKJAVÍK - NAFNNR. 5977-3496

að krefjast sætis við spilaborðið með körlunum til að spila þar eftir settum reglum. Þær yrðu sjálfar að setja sínar eigin reglur í samræmi við það sem konum er eðlilegt og mæta körlum hannig á miðri leið.

Kvennaframboðin á Akureyri og í Reykjavík náðu góðum árangri 1982. Konum fjölgaði úm helming í sveitastjórnnum á landinu. Því blásti ekki annað við en að knýja á dýr alþingis, sveifla sér þar inn fyrir og láta hressilegan pilsabyt heyrast í sölum. Í alþingiskosningunum 1983 varð Kvennalistinn til, tala kvenna þrefaldaðist á þingi, en við stöndum þó langt að baki hinum Norðurlandabjóðunum hvað þetta varðar. Og hér stöndum við nú með þrjár konur á þingi og hópa kvenna í þremur kjördæmum sem öllum er ljóst að um það eitt er að ræða að halda áfram skref fyrir skref þar til markmiðinu er náð.

Sá vetur sem nú hefur kvatt færði okkur nýja og fjölbreytta reynslu. Við tilheyrum stjórnarandstöðunni á þingi og óneitanlega hefur það mótað þingstarfið og umræðurnar, enda varla von á öðru meðan þessi dæmalaus ríkisstjórn stýrir fleyi og kann engin önnur ráð en að henda hásetunum fyrir borð hvort sem þeir eru syndir eður ei. Ég hygg þó að innan veggja alþingis hafi aldrei farið fram önnur eins umræða um stöðu kvenna og sl. vetur. Þar ber hæst launamál kvenna sem hvað eftir annað komust á dagskrá, þegar rétt var um bráðabirgðalög og kjaraskerðingar, framvarp um endumat á störfum láglaunahópa, fríðindi ríkisstarfsfólks o.fl. Meðal kvenna utan þings voru launamálin einnig mál málanna með versnandi kjörum, enda helst að skilja að grjótnagratúr væri nógu góður ofan í einstæðar mæður og annan láglaunalyf í Singapore norðursins. Það er nóturlegt að hugsa til þess að þegar konur stóðu undir helstu útflutingsgrein landsmanna á 13. öld höfðu þær helmingi lægri laun en karlar. Undir lok 19. aldar þegar fjöldi kvenna vann baki brotnu við saltfiskverkun voru laun þeirra helmingur af launum karla og enn í dag hafa konur að meðaltali um hálmingi lægri laun en karlar. Þau duldu lögmál sem þarna eru á ferð eru ein ástæðan af mörgum fyrir því að konur láta sér ekki lengur duga 4. eða 10. sætið á lista stjórnmalaflokkanna eða að standa höngularklá. Önnur dulin lögmál sem við höfum reynt að ýta við tengjast nauðgunum og meðferð slíkra ofbeldismála innan dómskerfisins. Þau gleðitíðindi gerðust að þingsályktunartillaga Kvennalistans ^{um málid} var samþykkt og fylgir vonandi í kjölfarið hugarfarsbýlting og breytingar konum í hag. Ég gæti bulið langan lista um mál

sem bingkonur Kvennalistans hafa talið sér viðkomandi með þau orð að leiðarljósi að öll mál eru kvennamál sem okkur ber að varpa á kvenlegu ljósi, en nóg um albingi að sinni.

Ein þeirra spurninga sem við fáum oft að heyra er sú hvort við teljum Kvennalistann vera stundarfyrirbæri eða hvort hann muni eiga langt líf fyrir höndum? Ein ágæt kona úr okkar hópi svaraði bannig að hún vissi ekki hvort Kvennalistans yrði þörf í 500 eða 50 ár, sagðist hó vona að árin yrðu nær 50. Í þessum orðum felst sá sannleikur að það tekur langan tíma að breyta gamalgrónum hefðum og undirstöðum samfélagsins. Það tók nokkrar aldir að fá það viðurkennt að jörðin væri hnöttótt en ekki flöt. Það tók líka margar aldir að fá í gegn bann skilning á Vesturlöndum að allir menn ættu að fá að hafa áhrif á mótun samfélagsins ^{og nýjsta} almennna mannréttinda eins og kosningaréttar og kjörgengi, sem síðast kom í hlut kvenna og vinnuhjú á landi. Eins mun því varið um kvenfrelsið og bann réttláta heim allra manna sem svo marga dreymir um. Kvenfrelsisbaráttan eins og við skilgreinum hana hefur staðið í um það bil 200 ár. Horfið á heiminn eins og hann er og sjá: konur vinna um 2/3 af öllum vinnustundum í heiminum. Konur eiga aðeins um 1% af séreignum á jörðinni. Víða njóta konur engra réttinda heldur eru sem hver annar búpeningur sem gengur kaupum og sölum. Í stærstum hluta heimsins er baráttan fyrir daglegu brauði og vatnssopa eina markmið þeirrar konu: er rís upp árla morguns í Afríku, Asíu og S-Ameríku. Konur um víða veröld eiga mikið verk fyrir höndum, en sem betur fer er unnið að betri tíð með blóm í haga. Sá sjóður sem fer til ræktunar, kennslu og heilsugæslu er ^{þó} magur miðað við hítina óseðjandi sem nærast á misréttinu og fæðir ekki annað af sér en ný og ný vopn. Það eru ekki síst konur sem vilja breyta sverðum í plóga, hlúa að og bæta í stað þess að höggva niður, ógna og eyða.

Norsk kona sem hér var á ferð í vor sagði bá sögu að norskar konur hefðu varið bæði peningum og kröftum til að gefa konum í afskekktu borpi á Shrilanka brunn. Hann átti að vera gjöf frá konum til kvenna, en í þessu borpi sem svo víða annarsstaðar fer megnið af vinnutíma kvenna í að sækja vatn og bera það heim á höfðinu eða mjöðminni. Karlmennirnir í borpinu eru því vanir að allt sem hangað kemur fari um þeirra hendur og því holdu þeir ekki að konunum væri gott gert. Þeir hentu dauðum köttum og rottum í brunninn, bannig að hann varð ónothæfur. Norsku konurnar sáu að til þess að geta gefið konunum varð líka að gefa körlunum. Þær söfnuðu því fé fyrir vegar-

spotta og gáfu körlunum gegn því að heir hreinsuðu brunninn. Það *konur reyna á*
 varð og allir undur glaðir við sitt. Dæmi um það hvernig
hjálp *og*
 að leysa vandamál á friðsamlegan hátt.

DB.

Því eyði ég svo mörgum orðum að þessum miklu ~~andstæum~~ milli
 okkar hér á norðurhjára sem bæði getum og viljum og heirra kvenna
 í fátækum löndum sem eru ofurseldar vinnubrælkun, hungri og varnar-
 leysi að á næsta ári lýkur kvennaáratug Sameinuðu hjóðanna. Þá munu
 konur frá flestum ríkjum heims hittast í Kenýa til að meta hver staða
 kvenna er í heiminum nú. Við hér á Íslandi hugsum okkur til hreyfings
 árið 1985. Sé einhver orðinn breyttur á öllu þessu kvennatali núna
 þá má sá hinn sami breiða vel upp fyrir haus á næsta ári, ætli hann
 enn að stinga höfðinu í sandinn, því þá verður heldur betur kátt í
 höllinni og lítið um Þyrnirósasvefn. Kvinnurnar á Íslandi eru á gosi
 skrifaði færeyskur blaðamaður um okkur fyrir tveimur árum. Eignum við
 ekki að sameinast um að nýta hann eldhug og varma sem í okkur býr í
 bágu íslenskra kvenna og framtíðarinnar, ræða saman um lífsbaráttuna,
 langanir okkar og lífið sjálft, sjá hvað út úr því kemur og halda
 svo áfram okkar löngu göngu, hönd í hönd?